

ÁRSSKÝRSLUR FORNLEIFASTOFNUNAR ÍSLANDS

1989-1997

Þann 18. júní 1995 var undirrituð skipulagsskrá Fornleifastofnunar Íslands og send dómsmálaráðuneyti til samþykktar. Var skráin staðfest af hálfu ráðuneytisins þann 7. júlí sama ár samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir nr. 19/1988.

Aðdraganda að stofnun FSÍ má rekja aftur til ársins 1989, en þá hófu Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson samstarf um rannsóknir og skráningu á fornleifum. Á árunum 1989-1994 var farið í leiðangra í þessu skyni í alla landsfjórðunga. Rannsóknargögn og leiðangursbúnaður úr þessum ferðum urðu síðan meginhluti af stofnfé sjálfseignarstofnunarinnar. Með staðfestri skipulagsskrá árið 1995 hófst formleg starfsemi Fornleifastofnunar Íslands. Hér er að finna yfirlit yfir árlega starfsemi stofnunarinnar:

1989

Rannsóknir: Árið 1989 fóru Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson í leiðangur um Norðurland. Voru í þeirri ferð skoðaðar m.a. meintar þingstaðaleifar og hafinn undirbúningur að rannsóknum á vorþingstöðum, dómhringum og lögréttum.

Eftirlit: Að ósk Þjóðminjasafns Íslands var gerð rannsókn á kirkju- og kirkjugarðsleifum á Hellu á Árskógsströnd, sbr.: Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson (1989) Uppgröftur að Hellu á Árskógsströnd, Ópr.

Fara efst á síðuna

1990

Rannsóknir: Árið 1990 fékkst styrkur frá Vísindasjóði til rannsókna á dómhringum og var heimilda um þann minjaflokk safnað úr öllum landsfjórðungum, en meintir dómhringar og lögréttur skráðar á Vesturlandi og Vestfjörðum. Jafnframt voru gerðar frekari rannsóknir með uppgrefti í Belgsholti í Melasveit, á Heynesi og Gerði í Innri-Akraneshreppi, sbr. Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson (1992) "Dómhringa saga. Grein um fornleifaskýringar", Saga. Tímarit Sögufélags 30, bls. 7-79. Við þessar rannsóknir unnu auk höfunda Garðar Guðmundsson, Mjöll Snæsdóttir og Ken Thomas.

Fara efst á síðuna

1991

Rannsóknir: Árið 1991 veitti Vísindasjóður styrk til rannsókna á meintum hofminjum. Var heimilda um hof, örnefni, minjar og munnmæli safnað á Norðurlandi. Jafnframt var gerð uppmæling á svokallaðri hoftóft í landi Hofstaða í Mývatnssveit.

Þá voru gerðar að nýju minniháttar rannsóknir í Gerði og á Heynesi í Innra-Akraneshreppi, fyrir styrk frá Akraneskaupstað. Við þessar rannsóknir unnu auk skýrsluhöfundar Gavin Lucas, Mjöll Snæsdóttir, Christopher Pine og Ken Thomas, sbr. Adolf Friðriksson (1991) "Fornleifarannsókn að Gerði, Innri-Akraneshreppi, 13. ágúst 1991", Ópr.; - (1991) "Fornleifarannsóknir á Heynesi" 1991, Ópr.

Fornleifaeftirlit: Á árinu var tekin þátt í tveimur tilraunaverkefnum á vegum Skipulags ríkisins. Annars vegar var unnin samantekt um fornleifar í Skútustaðahreppi með hliðsjón af þróun aðferða við umhverfismat á vegum Skipulagsins, sbr. Adolf Friðriksson (1993), "4.10 Menningarminjar", Umhverfismat fyrir Skútustaðahrepp. Ingvi Þorsteinsson (ritstj.), Reykjavík, Skipulag ríkisins, bls. 66-67.

Hins vegar vann Skipulag ríkisins að svæðisskipulagi hreppa sunnan Skarðsheiðar og var af því tilefni tekin saman skrá um fornleifar og gerðar athuganir á vettvangi, sbr. Adolf Friðriksson (1994), "Skýrsla um fornleifar sunnan Skarðsheiðar". Svæðisskipulag sveitarfélaga sunnan Skarðsheiðar 1992-2012. Fylgiskjöl með greinargerð. Guðrún Jónsdóttir.

Loks var gerð lítilsháttar könnun fyrir Þjóðminjasafn Íslands á beinafundi á Urriðavatni í Fellum, sbr.: Mjöll Snæsdóttir, Adolf Friðriksson & Gavin M. Lucas (1991) "Athugun á beinafundi að Urriðavatni í Fellum, N-Múlasýslu 1991", Ópr.

Fara eftir á síðuna

1992

Rannsóknir: Árið 1992 veitti Vísindasjóður og Verkefnasjóður námsmanna styrk til rannsókna á meintum hofminjum. Að þessu sinni voru meintar hofminjar skráðar á Austfjörðum og grafinn könnunarskurður á Hofstöðum í Mývatnssveit. Við þá rannsókn unnu auk skýrsluhöfunda, Garðar Guðmundsson, Guðmundur Jónsson, Magnús Á. Sigurgeirsson og Mjöll Snæsdóttir, sbr. Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson (1998) "Fornleifarannsóknir á Hofstöðum í Mývatnssveit 1992", ArchIs, I.

Fornleifaeftirlit: Að ósk Þjóðminjasafns Íslands var gerð athugun á beinafundi við Hraungerðiskirkju, sbr. Mjöll Snæsdóttir, Adolf Friðriksson & Garðar Guðmundsson (1992) Athugun á kirkjugarði Hraungerðiskirkju í Hraungerðishreppi, Árnessýslu 18. júní 1992, Ópr.

Fara eftir á síðuna

1993

Rannsóknir: Árið 1993 var unnið að þróun stafrænna aðferða við fornleifaskráningu fyrir styrk úr heiðurslaunasjóði Brunabótafélags Íslands. Farið var í leiðangur í Eyjafjörð og gerðar tilraunamælingar á fornleifum í landi Fornhaga í Hörgárdal og Hofs í Svarfaðardal.

Jafnframt hófst undirbúningur að samstarfi við héraðsnefnd og sveitarfélög í Eyjafirði og Minjasafnið á Akureyri, um fornleifaskráningu.

Þá var farið í leiðangur um Norðurland og gerð athugun á varðveislu og fjölda kirkjuleifa, sbr. Orri Vésteinsson (1993) "Kirkjur á Norðurlandi. Skýrsla um könnun á dreifingu kirkjuminja sumarið 1993", ópr.

Fara efst á síðuna

1994

Rannsóknir: Árið 1994 hófst almenn fornleifaskráning í Eyjafjarðarsveit og voru þá færðir á skrá 317 staðir, á svæðinu norðan Hrafnagils og Þverár. Samhliða skráningarstarfinu voru ýmsar aðferðafræðilegar tilraunir gerðar, sbr. Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson (1994) Fornleifaskráning í Eyjafirði I : Fornleifar í Eyjafjarðarsveit norðan Hrafnagils og Þverár, FSÍ & Minjasafnið á Akureyri, 94011, Akureyri.

Fornleifaeftirlit: Á grundvelli niðurstaðna úr ofangreindri skráningu, var þjóðminjaverði sent erindi með tillögum um friðlýsingu á sjö stöðum í Eyjafjarðarsveit.

Samkvæmt 18. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989, er skylt "að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess...". Fornleifastofnun tók upp eftirlit með framkvæmd laganna á þessu ári.

Fara efst á síðuna

1995

Fornleifastofnun hafði ekki á neinu föstu starfsliði að skipa, en við rannsóknir á hennar vegum unnu einkum Adolf Friðriksson, Birna Gunnarsdóttir og Orri Vésteinsson.

Fornleifauppgröftur

Að ósk Seltjarnarnesbæjar var gerð rannsókn á fornum mannvistarleifum við Nes á Seltjarnarnesi. Orri Vésteinsson stjórnaði rannsóknunum, en auk hans unnu þar Adolf Friðriksson, Birna Gunnarsdóttir, Garðar Guðmundsson, Jóhann Ásmundsson og Mjöll Snæs dóttir. Var bæjarhóllinn í Nesi og túnið umhverfis mælt og teiknað upp með aðstoð tölvu. Þá var grafinn könnunarskurður skammt austan við Nesstofu og komu þar í ljós leifar kirkjugarðs Neskirkju.

Í ágúst var gerð rannsókn að Hofstöðum í Mývatnssveit. Rannsóknin var styrkt af Vísindasjóði. Gerð var athugun á stórrí gryfju sem liggur skammt sunnan við stóru skálatóftina. Hafði þessi hola verið talin suðuhola af fyrri fræðimönnum, en í ljós kom að hér voru leifar af fornu jarðhúsi, sem fyllt hafði verið af úrgangi, er það hafði fallið saman.

Fornleifaskráning

Meginverkefni ársins á sviði fornleifaskráningar var þróun aðferða. Á grundvelli fyrri rannsókna var fornleifaskráningu nú skipt í þrjú stig: 1) Svæðisskráningu, 2) Aðalskráningu og 3) Deiliskráningu. Fjöldi skráðra minja er gefinn í sviga fyrir hvert svæði.

Svæðisskráning. Á árinu hófst svæðisskráning fornleifa í Eyjafirði, á Miðhálandi og Borgarfirði.

Aðalskráning. Þá voru skráðar fornleifar á vettvangi í Eyjafjarðarsveit, að þessu sinni í Staðarbyggð norðan Munkaþverár annars vegar og á Melgerðismelum hins vegar, alls 205 minjastaðir. Til þessa hefur lítið verið um fornleifaskráningu í þéttbýli. Þar sem mikil uppbygging hefur átt sér stað, er nauðsynlegt að beita öðrum aðferðum en við skráningu í dreifbýli. Sem liður í þróun aðferða í kaupstaðarfornleifafræði, var hafinn undirbúningur að aðalskráningu fornleifa á Akureyri og gerð úttekt á heimildum um fornleifar í kaupstaðarlandinu.

Deiliskráning. Gerð var deiliskráning í svokölluðu Naustahverfi á landi Akureyrarkaupstaðar. Tilheyrði spildan áður Naustum og fundust alls 21 minjastaður á jörðinni, en 16 þeirra voru á deiliskipulagsreitnum.

Auk þessa var tekin saman greinargerð um fornleifar á Gáseyri og gerðar tillögur um verndun og kynningu þeirra.

Á árinu 1995 voru því færðar á svæðisskrá alls 370 minjar, en 212 minjar á aðalskrá. Í árslok voru í heild 675 minjar á svæðisskrá, en 516 minjar á aðalskrá.

Fornleifaeftirlit

Skipulagsmál: Með vísun í 18. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989 um að skylt sé að skrá fornleifar á skipulagsskyldum svæðum, gerði FSÍ athugasemdir við eftirfarandi skipulagstillögur: 1) deiliskipulag í Snæfellsbæ, 2) deiliskipulag á landi Svartagils í Borgarbyggð, 3) breyting á deili- og aðalskipulagi fyrir Þrastarlund á Akureyri, og 4) breyting á aðal- og deiliskipulagi fyrir Bessastaðahrepp.

Umhverfismat: Að ósk Vegagerðar ríkisins var tekin saman umsögn um áhrif fyrirhugaðra vegaframkvæmda um Kálfastrandarvoga og Markhraun í Mývatnssveit.

Þá var einnig unnið umhverfismat í landi Grímsstaða á Fjöllum, vegna undirbúnings að lagningu Norðurlandsvegar frá Jökulsá að Biskupshálsi.

Ritaskrá
Fara efst á síðuna

1996

Við stofnunina unnu sem fyrr Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. Seinni hluta ársins sat Orri í rannsóknarstöðu við FSÍ sem greidd var af Rannsóknarráði Íslands. Jafnframt voru eftirtaldir ráðnir til hlutastarfa: Helgi Bragason ljósmyndari, til að annast ljósmyndasafn FSÍ, Benjamín Jósefsson bókari, til að annast fjárreiður stofnunarinnar. Birna Gunnarsdóttir fornleifafræðingur, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Hildur Gestsdóttir fornleifafræðingur, Mjöll Snæsdóttir fornleifafræðingur, Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur og Sædís Gunnarsdóttir sagnfræðinemi unnu við ýmis rannsóknarstörf sumarið 1996.

Fornleifarannsóknir

Nes við Seltjörn. Lokið var við rannsóknirnar í Nesi er hófust árið 1995. Að þessu sinni var grafið í túninu vestan við Nesstofu en þar eru nokkur hringmynduð gerði og önnur mannvirki sem flest virðast byggð mjög skömmu eftir að landnámsgjóska féll.

Hofstaðir í Mývatnssveit. Árið 1996 hófst nýr kafli í sögu rannsókna á Hofstöðum í Mývatnssveit. Veitti Rannsóknarráð Íslands styrk til þriggja ára, auk þess sem verkefnið varð liður í starfi NABO samtakanna (sjá neðar). Rannsóknin var unnin undir stjórn Adolfs Friðrikssonar og Orra Vésteinssonar. Auk þeirra unnu að rannsókninni Garðar Guðmundsson, á vegum Þjóðminjasafns Íslands, Hildur Gestsdóttir, Mjöll Snæsdóttir, Ragnar Edvardsson, Magnús Á. Sigurgeirsson, Paul og Philip Buckland, Ingrid Mainland og Thomas McGovern. Unnið var á tveimur svæðum: annars vegar var hafist handa við að fjarlægja ruslalög ofan af jarðhúsi sunnan aðaltóftarinnar og hins vegar var grafið í tóft sem liggur við suðvesturhorn aðaltóftar.

Fornleifaskráning

Svæðisskráning: Lokið var svæðisskráningu fyrir Borgarfjörð norðan Skarðsheiðar (2148), Miðhálandi (1193), Eyjafjörð (alls 6579 minjar), Skútustaðahrepp (alls 1250 minjar), hluta Hjaltastaðahringhár (292) og hluta Bolungarvíkur (93).

Aðalskráning: Lokið var þriðja áfanga aðalskráningar fornleifa í Eyjafjarðarsveit (269) og jafnframt hófst aðalskráning á Akureyri (92), í Skútustaðahreppi (259) Hjaltastaðahringhá (292) og Bolungarvík.

Deiliskráning: Unnin var deiliskráning í Krossaneshaga á Akureyri.

Á árinu 1996 voru því færðar á svæðisskrá alls 11396 minjar, en 1005 minjar á aðalskrá. Í árslok voru í heild 12072 minjar á svæðisskrá, en 1522 minjar á aðalskrá.

Fornleifaeftirlit

Umhverfismat: Að ósk Árbæjarsafns fyrir hönd Reykjavíkurborgar var unnið umhverfismat í landi Reykjavíkurflugvallar vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Að ósk Bessastaðahrepps var gerð athugun á gömlum sjóvarnargarði við Búðarflöt sunnanvert við Helguvík. Garðurinn, sem var frá 20. öld að mestu eða öllu leyti, var síðan látinn víkja vegna framkvæmda.

Alþjóðasamstarf

NABO: Árið 1992 voru stofnuð alþjóðleg samtök fornleifafræðinga og fornvistfræðinga sem vinna við rannsóknir í þeim löndum sem liggja að Norður-Atlantshafi (North-Atlantic Biocultural Organization). Hafa meðlimir þessara samtaka tekið þátt í margvíslegum rannsóknum á Íslandi á síðustu árum. FSÍ gekk til liðs við samtökin á þessu ári og hófst þar með fjölbreytt samstarf um rannsóknir og fræðslumál. Tóku meðlimir NABO þátt í rannsóknum á Hofstöðum.

Dagana 6-8 desember sóttu Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson fund samtakanna, sem haldinn var í Edinborg.

Ritaskrá

Fara efst á síðuna

1997

Árið 1997 fjölgaði í föstu starfsliði Fornleifastofnunar, en þá um haustið hófu Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Howell M. Roberts og Sædís Gunnarsdóttir störf. Auk þeirra unnu við fornleifaskráningu Guðný Zoega fornleifafræðingur, Hildur Gestsdóttir, Mjöll Snæsdóttir fornleifafræðingur, Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur og Ragnheiður Traustadóttir.

Fornleifarannsóknir

Hofstaðir í Mývatnssveit. Unnið var að öðrum áfanga rannsókna á fornbylinu við Hofstaði fyrir styrk frá Rannís. Haldið var áfram rannsóknum á fyllingu í jarðhúsi sunnan skálatóftar, og á tóft við suðvesturhorn skálans. Jafnframt hófust rannsóknir við norðvesturhorn skála, og komu þar í ljós leifar viðbyggingar við skálann sem og leifar af stöku húsi sem stóð skammt vestan við hann. Rannsóknin var sem fyrr unnin undir stjórn Adolfs Friðrikssonar og Orra Vésteinssonar. Auk þeirra unnu að rannsókninni Garðar Guðmundsson, sem var á vegum Þjóðminjasafns Íslands, Hildur Gestsdóttir, Howell M. Roberts, Mjöll Snæsdóttir, Ragnar Edvardsson, Magnús Á.

Sigurgeirsson, Paul og Robert Buckland, Thomas Amorosi og Thomas McGovern. Verður rannsóknum haldið áfram 1998.

Kuml og haugfé, endurútgáfa: Í desember 1996 ákvað ríkisstjórn Íslands að veita styrk til undirbúnings að endurútgáfu á doktorsritgerð Kristjáns Eldjárns, Kuml og haugfé. Í ritnefnd áttu sæti Adolf Friðriksson, Þór Magnússon þjóðminjavörður og Þórarinn Eldjárn. Fornleifastofnun sá um framkvæmd verksins undir verkstjórn Adolfs Friðrikssonar. Á árinu var texti bókarinnar skrifaður upp og heimildum safnað um kumlfundi eftir 1955.

Stóraborg: Þjóðminjaráð óskaði eftir að FSÍ tæki að sér að ljúka úrvinnslu á rannsóknargögnum frá Stóruborg. Var hafinn undirbúningur að því verki á árinu í umsjá Orra Vésteinssonar.

Beinarannsóknir: Hildur Gestsdóttir vann að beinarannsóknum á vegum FSÍ meðfram námi haustið 1997 og gerði athuganir á mannabeinum frá Neðra Ási.

Fornleifaskráning

Svæðisskráning: Gerð var svæðisskráning fyrir Vesturbyggð (2800 minjastaðir), Akranes (327), Fellahrepp (562), í Hengli og Grafningi norðan Úlfjótswatns (375), hluta Bolungarvíkur (123), á Hallormsstað og nágrenni (95), auk þess sem hafist var handa við skráningu á Fljótshéraði í árslok.

Aðalskráning: Jafnframt var unnið að aðalskráningu á 9 stöðum. Unninn var fjórði áfangi í Eyjafjarðarsveit (283 minjar), annar áfangi á Akureyri (96), annar áfangi í Skútustaðahreppi (259), síðari áfangi Hjaltastaðapinghár (467) og annar áfangi í Bolungarvík (123). Auk þess hófst fyrri áfangi af tveimur á Akranesi (100), skráningu var lokið í Fellahreppi (562) og skráðar voru minjar í Hvammsvík og á Hengilssvæðinu (135).

Deiliskráning: Gerð var deiliskráning á Sólborgarhöfða og nágrenni á Akureyri.

Á árinu voru því færðar á svæðisskrá alls 5.122 minjar, en 2.058 minjar á aðalskrá. Í heild eru 17.194 minjar á svæðisskrá, en 3.580 minjar á aðalskrá.

Fornleifaeftirlit

Skipulagsmál: FSÍ vann að ósk Akureyrarkaupstaðar drög að stefnu bæjarins í verndun, rannsóknum og fræðslu um fornleifar. Var þetta gert í tilefni af aðalskipulagsgerð þeirri er nú stendur yfir.

Umhverfismat: Vegna ýmissa vegaframkvæmda á Vesturlandi fór Vegagerðin þess á leit við þjóðminjavörð að gerðar yrðu athuganir á fornleifum sem lið í umhverfismati við fyrirhuguð vegastæði. Óskaði þjóðminjavörður eftir að FSÍ tæki að sér þessi verkefni. Var því gert umhverfismat á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði á Mávarhlíðarriði og í landi Hraunhafnar og Axlar á Snæfellsnesi, sem og í Andakíl í Borgarfirði.

Kennslumál

Sumarið 1997 tók Fornleifaskóli FSÍ til starfa. Um vorið var send tilkynning til allra helstu háskóladeilda og stofnana á sviði norrænnar fornleifafræði í Evrópu og Norður Ameríku. Alls bárust 20 umsóknir, og fengu 12 nemendur inni. Voru þeir frá Bandaríkjunum, Danmörku, Englandi, Frakklandi, Íslandi, Kanada, Noregi, Skotlandi, og Tékklandi.

Kennslan fór fram á Hofstöðum í Mývatnssveit. Fengu nemendur leiðsögn á vettvangi á daginn, en fyrirlestrar voru haldnir á kvöldin. Fyrirlesarar voru: Adolf Friðriksson, Mjöll Snæsdóttir og Orri Vésteinsson frá FSÍ, Garðar Guðmundsson frá Þjóðminjasafni Íslands, Paul Buckland frá Sheffield Univ., Tom McGovern og Tom Amorosi frá Hunter College NY, Ian A. Simpson frá Stirling Univ., Karen Milek frá Cambridge Univ. og Árni Einarsson frá Rannsóknarstöðinni að Skútustöðum. Meðal námsefnis var saga íslenskrar fornleifafræði, íslensk fornleifaskráning, kirkjufornleifafræði, vitnisburður plöntuleifa, skordýraleifa og dýrabeina í fornleifafræði og líffræði Mývatns og umhverfis þess. Hlaut FSÍ styrk frá menntamálaráðuneyti vegna skólalahldsins.

Auk þessa kenndu fulltrúar FSÍ hluta í námskeiði í miðaldafræðum fyrir erlenda stúdenta sem Stofnun Sigurðar Nordal hélt í júlí.

Aðrar rannsóknir

Fornleifastofnun Íslands styrkti vinnslu á sýslu og sóknalýsingum Dalasýslu sem Einar G. Pétursson hafði unnið að útgáfu á. Margrét Stefánsdóttir sagnfræðinemi vann um mánaðarskeið sumarið 1997 að innslætti og yfirlestri handrits.

Alþjóðlegt samtarf

NABO: Fyrir hönd FSÍ og NABO sótti Orri Vésteinsson fund ARCSS í New Orleans um menntamál og rannsóknir á Norðurheimskautinu. Í september sótti hann einnig ráðstefnu á vegum NABO í St. John's á Nýfundnalandi í tilefni af fimm alda afmæli landafunda Cabots.

Norrænt samstarf: Að ósk Rannsóknarráðs Íslands tók Adolf Friðriksson sæti í samráðsnefnd norræna vísindaráðsins um TL aldursgreiningu. Hélt nefndin sinn fyrsta fund í Árósum í apríl, þar sem greint var frá stöðu starfseminnar og rætt um með hvaða hætti væri unnt að efla rannsóknir á þessu sviði.

INIS: Í ágúst hófst undirbúningur að samstarfi íslenskra og skoskra fornleifafræðinga. Óformleg undirbúningsnefnd hélt nokkra vinnufundi á Íslandi dagana 25-27. ágúst og vann drög að samstarfssáttmála sem nær til rannsókna og kennslu á sviði norrænnar fornleifafræði. Er fyrirhugað að halda samráðsfund á næsta ári og hefur verið leitað stuðnings Rannís til þessa.